

AUGLÝSING**um staðfestingu á breyttu aðalskipulagi í Reykjavík.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins að ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 9. júní 1982 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun á austursvæðum 1981—1998 að 2.3 ha svæði við Grafarvog, sem áður var ætlað fyrir útlivist og iðnað og vörugeymslur verði framvegis ætlað undir opinbera stofnun.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. júlí 1982.

Nr. 429.

REGLUGERÐ**um þorskveiðibann frá 25. júlí til 3. ágúst 1982.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. júlí til og með 3. ágúst 1982, eru skipum öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 688 28. desember 1981, bannaðar þorskveiðar.

Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 30 brúttórúmllestir og minni og stunda handfæraveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum, verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á því tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo lítið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins og á ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.

Nr. 430.

5. júlí 1982.

SAMPYKKT

um sveitarstjóra í Tálknafjarðarhreppi, V.-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr..

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.